

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga. Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1994.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

Sesselja Árnadóttir.

## GJALDSKRÁ

**vegna sorphirðu fyrir Þingvallahrepp árið 1994.**

1. gr.

Hreppsnefnd Þingvallahrepps er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald árið 1994 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Á sveitabæi	kr. 3 000
Á sumarbústaði	kr. 1 000
Á fyrirtæki	kr. 20 000

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Þingvallahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisaráðuneytið, 11. mars 1994.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.